

# Hverfisnefnd Naustahverfis

## 46. fundur, 15. jan. 2013

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson, Sveina Björk Jóhannesdóttir og Gísli Rúnar Magnússon.  
Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

### 1. Fundartímar hverfisnefndar

Stefnum að því að hafa alltaf fundi fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði, kl. 20-21:30 á Naustatjörn.

### 2. Erindi frá framkvæmdadeild v/umhverfisátaks næstu árin

„Ákveðið hefur verið að hver hverfisnefnd fái til ráðstöfunar 2 m.kr og hverfisráðin í Hrísey og Grímsey 1 m.kr sem þær geta ráðstafað í umhverfismálum innan síns hverfis en allar ákvarðanir um framkvæmdir eru þó háðar samþykki framkvæmdadeildar/ráðs.“

- Rætt um mögulegar framkvæmdir.
- Hverfisnefnd finnst rétt að fá fyrst uppgengið hvað framkvæmdadeild hyggst gera í hverfinu áður en settur er fram sérstakur óskalisti hverfisnefndar. Bjarni óskar eftir lista frá Jóni Birgi.
- Höldum málinu áfram á næsta fundi.

### 3. Deiliskipulag Naustahverfis 3 - Hagar

„Á næstu misserum verður þörf fyrir nýjar byggingarlóðir fyrir íbúðarbyggð á Akureyri og er áætlað að mestur hluti þeirra verði í Naustahverfi. Þriðji áfangi hverfisins, Hagar, er sunnan Naustabæjanna og Naustagils og er aðskilinn frá fyrri áföngum með opnu svæði, sem gert er ráð fyrir að nái upp frá gílinu til fjalls þvert í gegn um byggðina.“

- Lýsing á deiliskipulagsverkefninu er móttækin og óskum við eftir að fá kynningu á deiliskipulaginu á vinnslustigi og vonumst eftir að farið verði eftir rammaskipulaginu.

### 4. Bílastæðamál við Naustaskóla

Rætt um framkvæmdir við Naustaskóla, en á fundi með fasteignum Akureyrar í desember var rætt um að verktaki við skólann ætlaði að losa svæðið vestan við skólann í janúar og þá átti að fara í það að gera bráðabirgðabílastæði vestan við skólann. Óskum eftir nýjum fundi með fasteignum Akureyrar þar sem boðaður fundur í Desember lenti í einhverju klúðri hjá nefndarmönnum.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:30.